

HANDBÓK LOFTSLAGSSJÓÐS

REGLUR LOFTSLAGSSJÓÐS FYRIR UMSÆKJENDUR

Handbók í tengslum við
auglýstan umsóknarfrest

15. júní 2023



Stjórn Loftslagssjóðs hefur samþykkt handbókina fyrir auglýstan umsóknarfrest í júní 2023

Helstu breytingar frá síðustu handbók:

- Auglýst er eftir nýsköpunarverkefnum sem skila samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og kynningar- og fræðsluverkefnum sem nýta niðurstöður nýjustu skýrslu frá [IPCC \(AR6\)](#), millirikjanefnd sameinuðu þjóðanna [frá 28. febrúar 2023](#).
- Hámarksstyrkupp hæð fyrir nýsköpunarverkefni er 15 milljónir.
- Hámarksstyrkupp hæð fyrir kynningar- og fræðsluverkefni er 5 milljónir.
- Í verkefnislýsingu skal gera grein fyrir fyrirhugaðri birtingu eða kynningu á niðurstöðum.
- Ganga skal frá samningi um styrk milli styrkþega og Rannís fyrir 15. desember, eftir þann tíma fellur styrkur niður.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
1 TÍMASETNINGAR	5
2 REGLUR OG LEIÐBEININGAR TIL UMSÆKJENDA	5
2.1 Siðareglur umsækjanda og öflun tilskilinna leyfa	5
3 Umsóknir og mat umsókna	5
3.1 Áherslur stjórnar	5
3.2 Styrktegundir og styrkuppþæðir	6
3.3 Samþykktur kostnaður	6
3.3.1 Laun	6
3.3.2 Annar kostnaður	6
3.4 Lýsing á verkefni og fylgigögn	6
4 Matsferli	7
4.1 Fagráð og stjórn	7
5 Styrkveiting	7
5.1 Ákvörðun um styrkveitingu	7
5.2 Samningur	7
5.3 Greiðslur styrktra verkefna	7
5.4 Lokaskýrslur	7
5.5 Tilgreina stuðning loftslagssjóðs við birtingar og miðlun niðurstaðna	8
5.6 Opið aðgengi að niðurstöðum	8
6 ALMENNAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI SJÓÐINN	8
6.1 Hlutverk Loftslagssjóðs	8
6.2 Stjórn Loftslagssjóðs	8
6.3 Sérfræðingar loftslagssjóðs	8

INNGANGUR

Loftslagssjóður er sérstakur sjóður sem heyrir undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga. Styrkir til nýsköpunarverkefna eru ætlaðir m.a. til þess að styrkja rannsóknir og þróunarstarf í tengslum við aðlögun og innleiðingu á nýjum loftslagsvænum tæknilausnum og hönnun.

Loftslagssjóður er samkeppnissjóður og hefur ráðherra falið Rannís umsjón með honum. Umsóknir um styrki eru metnar út frá hlutverki og áherslum stjórnar sem fram koma í auglýsingum um styrki hverju sinni.

Stjórn Loftslagssjóðs ber ábyrgð á úthlutunum úr Loftslagssjóði og er sjálfstæð og óháð í störfum sínum.¹

Í úthlutun með umsóknarfrest 15. júní 2023 leggur stjórn áherslu á nýsköpunarverkefni sem skila samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og kynningar- og fræðsluverkefnum sem nýta niðurstöður nýjustu skýrslu frá IPCC (AR6), milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna. Styrki Loftslagssjóðs má nota til að samfjármagna alþjóðlega styrkt verkefni.

Handbók Loftslagssjóðs er fyrir umsækjendur og fagráð og gildir fyrir úthlutun eftir auglýstan umsóknarfrest 15. júní 2023. Markmið handbókarinnar er að auka gegnsæi ferlisins fyrir alla sem koma að því, allt frá auglýsingu umsóknarfrests að styrkveitingu og utanumhaldi um veittan styrk. Í handbókinni eru úthlutunarreglur sjóðsins og ýmsar gagnlegar upplýsingar um réttindi og skyldur styrkþega. Til að handbókin gegni hlutverki sínu eru umsækjendur hvattir til að lesa hana í heild sinni. Leiðbeiningar fyrir fagráð má einnig finna í sérstöku [skjali](#) á vef sjóðsins.

¹ <https://www.althingi.is/lagasafn/pdf/151b/2012070.pdf>

1 TÍMASETNINGAR

Umsóknarfrestur í Loftslagssjóð er auglýstur með a.m.k. sex vikna fyrirvara. Áætlaðar tímasetningar fyrir umsýsluferli umsókna með auglýstan umsóknarfrest í júní má sjá í töflu 1.

15. júní 2023	Umsóknarfresti lýkur
Júlí – september 2023	Vinna fagráðs og stjórnar
Október 2023	Styrkúthlutun tilkynnt
15. desember 2023	Samningum við styrkþega lokið

Tafla 1. Áætlaðar tímasetningar fyrir úthlutun í tengslum við umsóknarfrest í júní 2023

2 REGLUR OG LEIÐBEININGAR TIL UMSÆKJENDA

Loftslagssjóður er samkeppnissjóður sem veitir styrki samkvæmt áherslum stjórnar Loftslagssjóðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum verkefna. Sjóðurinn styrkir nýsköpunarverkefni sem stuðla að samdrætti í losun eða hafa áhrif á samdrátt í losun.

2.1 SIÐAREGLUR UMSÆKJANDA OG ÖFLUN TILSKILINNA LEYFA

Umsækjandi skal taka fram í umsókn hvort verkefnið innihaldi þætti sem þarf að skoða sérstaklega með tilliti til almennra siðareglna og persónuverndarlaga. Í slíkum tilfellum þarf að útskýra hvað í því felst og hvernig verður tekið á þessum þáttum. Ekki er gengið frá samningi fyrr en öll nauðsynleg leyfi liggja fyrir.

Umsækjanda ber að virða alþjóðlegar reglur og samþykktir þar sem slíkt á við, til dæmis um nýtingu einkaleyfa.

Styrki Loftslagssjóðs má nota til að samfjármagna alþjóðlega styrkt verkefni með svipað viðfangsefni. Styrkir eru hins vegar aðeins greiddir inn á íslenska bankareikninga.

3 UMSÓKNIR OG MAT UMSÓKNA

Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum rafrænt umsóknarkerfi Rannís. Rafrænt umsóknareyðublað er á íslensku og skila má umsóknum á íslensku eða ensku, en heiti verkefnis og stutt lýsing skal vera á íslensku. Ekki er tekið við gögnum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

Ef umsókn er framhaldsumsókn þarf að gera grein fyrir framgangi verkefnis í verkefnislýsingu. Hvert verkefni getur alla jafnan fengið styrk að hámarki tvisvar sinnum.

3.1 ÁHERSLUR STJÓRNAR

Nýsköpunarverkefni: Áhersla verður lögð á verkefni sem skila samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Einnig verður litið til eftirfarandi þátta;

- að verkefnið hagnýti grunnþekkingu sem þegar er til staðar,
- að verkefnið beinist að aðilum sem hafa talsverða möguleika á að draga úr losun,
- að verkefnið hafi möguleika á að nýtast sem víðast í samfélaginu og hafi áhrif út fyrir einstaka fyrirtæki, félagasamtök og/eða stofnun.

Kynningar- og fræðsluverkefni: Áhersla verður lögð á verkefni sem nýta niðurstöður nýjustu skýrslu frá IPCC (AR6), Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna, kynna þær og túlka í samhengi við íslenskt samfélag, og eru til þess fallin að virkja almenning og atvinnulíf til aðgerða.

Það styrkir umsókn ef um samstarf milli einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka og/eða stofnana er að ræða.

3.2 STYRKTEGUNDIR OG STYRKUPPHÆÐIR

Til úthlutunar í tengslum við auglýstan umsóknarfrest í júní 2023 eru um 180 milljónir. Styrktegundir eru tvær að þessu sinni og eru styrkir veittir til eins árs.

Nýsköpunarverkefni: Styrkupp hæð til verkefnis getur að hámarki verið 15 milljónir króna. Ef sótt er um meira en 5 milljónir er gerð krafa um 20% mótframlag og styrkur úr Loftslagssjóði nemur þá að hámarki 80% af heildarkostnaði verkefnis. Ef sótt er um 5 milljónir eða minna er ekki gerð krafa um mótframlag.

Kynningar – og fræðsluverkefni: Styrkupp hæð til verkefnis getur að hámarki verið 5 milljónir króna og ekki er krafist mótframlags.

3.3 SAMÞYKKTUR KOSTNAÐUR

3.3.1 LAUN

Loftslagssjóður styrkir laun vegna vinnu við verkefnið. Ekki þurfa allir þátttakendur að vera nafngreindir þegar umsóknarfrestur rennur út en vinnuframlag allra þátttakenda sem sótt er um laun fyrir verður að vera skilgreint í umsókn. Loftslagssjóður styrkir ekki greiðslu launa til þeirra sem eru á fullum launum í öðrum störfum.

Umsækjendur skulu hafa til hliðsjónar almenna kjara- og stofnanasamninga við útreikning launa. Launakostnaður miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum. Ekki er hægt að nota útseldan taxa til viðmiðunar við útreikninga launa.

3.3.2 ANNAR KOSTNAÐUR

Undir annan kostnað fellur kostnaður vegna nauðsynlegra aðfanga fyrir verkefnið, sem og kostnaður vegna samrekstrar og aðstöðu, ferðakostnaðar og aðkeyptrar þjónustu. Gera þarf grein fyrir öllum kostnaði sundurliðuðum í viðeigandi reitum í rafræna umsóknareyðublaðinu. Óútskýrður kostnaður verður ekki samþykktur.

3.4 LÝSING Á VERKEFNI OG FYLGIGÖGN

Verkefnislýsing skal fylgja með umsókn á pdf formi, en sniðmát hennar er inni í rafræna umsóknarforminu.

Verkefnislýsing

Verkefnislýsingunni er skipt upp í eftirfarandi kafla sem ekki má breyta:

1. Markmið verkefnisins, áhrif á losun og samfélag, nýnæmi og raunhæfi.
2. Tíma- og verkáætlun, vörður, aðferðir og núverandi staða verkefnis.
3. Verkefnisstjórnun og samstarf, hlutverk samstarfsaðila.
4. Fyrirhuguð birting eða kynning á niðurstöðum.

Til að gæta jafnræðis allra umsækjenda er umsóknum þar sem ekki er notað rétt sniðmát vísað frá.

Í sniðmátinu er notað 12 pkt. Times/Times New Roman letur með línubilinu 1,5 og 2,5 cm spássíu. Verkefnislýsing má að hámarki vera 12 blaðsíður með forsíðu og heimildaskrá. Umsækjendur verða beðnir um að staðfesta að þeir hafi notað rétt eyðublað og sniðmát áður en þeir senda inn umsóknina.

Senda má hlekk á myndskrá. Myndskráin má ekki vera lengri en 5 mínútur. Umsækjendur eiga að nota veitur eins og Youtube, Vimeo eða aðrar sambærilegar. Myndskráin þarf að vera aðgengileg þar til stjórn sjóðsins hefur tekið ákvörðun um úthlutun.

Ferilskrá aðalumsækjenda skal fylgja með umsókn sem viðhengi eða vefsíðu.

Önnur fylgigögn eru ekki leyfð.

4 MATSFERLI

Faglegt mat á umsókn byggir eingöngu á þeim upplýsingum sem gefnar eru í umsókn og tilheyrandi fylgigögnum.

4.1 FAGRÁÐ OG STJÓRN

Fagráð Loftslagssjóðs sem er skipað eigi færri en þremur sérfræðingum með þekkingu á loftslagsmálum og/eða nýsköpun og tækni og/eða miðlun metur styrkhæfi umsókna.

Heimilt er að nota fagráð sem skipað er vegna úthlutunar úr öðrum samkeppnissjóðum á vegum Rannís.

Stjórn skipar formann fagráðs úr röðum fagráðsmanna. Formaður ber ábyrgð á, með hjálp umsjónarmanns fagráðs, að samræma vinnu fagráðsins og að fagráðið vinni samkvæmt stefnu og hlutverki Loftslagssjóðs og almennum siðareglum. Nöfn fagráðsmanna eru birt á [vef](#) Rannís.

Mat fagráðs á umsóknum skal ávallt byggjast á áherslum stjórnar og gæðum umsókna.

5 STYRKVEITING

5.1 ÁKVÖRÐUN UM STYRKVEITINGU

[Fagráð](#) metur umsóknir og skilar skriflegri greinargerð til stjórnar Loftslagssjóðs þar sem umsóknum hefur verið forgangsraðað á grunni hins faglega mats.

Stjórn Loftslagssjóðs tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli greinargerðar fagráðs. Þegar úthlutun liggur fyrir fá umsækjendur svarbréf í hendur með lokamati fagráðs. Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar.

Upplýsingar um styrkveitingar eru birtar á vef Rannís. Ákvarðanir sem teknar eru um veitingu styrkja úr Loftslagssjóði eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.

5.2 SAMNINGUR

Rannís gerir samning við styrkþega fyrir hönd Loftslagssjóðs, farið er yfir fjárhagsáætlun áður en gengið er frá samningi. Ganga skal frá samningi um styrk fyrir 15. desember 2023, eftir þann tíma fellur styrkur niður. Staðfesting á samstarfi þarf að liggja fyrir við gerð samnings.

5.3 GREIÐSLUR STYRKTRA VERKEFNA

- Fyrsta greiðsla (40%) er greidd við undirritun samnings.
- Önnur greiðsla (40%) greiðist samkvæmt samningi.
- Síðasta greiðsla (20%) er greidd þegar lokaskýrsla hefur verið samþykkt.

5.4 LOKASKÝRSLUR

Lokaskýrsla fyrir verkefnið skal skila eigi síðar en 1. júní 2025. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir framvindu verkefnisins og einnig frávikum frá upphaflegri áætlun, ef við á. Hreyfingalisti og sundurliðuð kostnaðaryfirlit úr bókhaldi skal fylgja skýrslunni. Sniðmát fyrir lokaskýrslu er að finna á vefsíðu sjóðsins.

5.5 TILGREINA STUÐNING LOFTSLAGSSJÓÐS VIÐ BIRTINGAR OG MIÐLUN NIÐURSTAÐNA

Styrkþegar skulu geta Loftslagssjóðs í öllum kynningum, birtingum og miðlun á útkomu verkefnisins, t.d. „Rannsóknin var styrkt af Loftslagssjóði“ og á ensku „The project was supported by The Icelandic Climate Fund“. Kennimerki (logo) Loftslagssjóðs má finna á heimasíðu sjóðsins á rannis.is.

5.6 OPIÐ AÐGENGI AÐ NIÐURSTÖÐUM

Ef um rannsóknarverkefni er að ræða er bent á að samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003 með áorðnum breytingum, skal birta niðurstöður rannsókna sem fjármagnaðar eru með opinberu fé í opnu aðgengi nema um annað sé samið.

Styrkþegar skulu í öllum ritmiðum sínum um niðurstöður rannsókna geta um þátt Loftslagssjóðs í viðkomandi verki og eins ber að geta sjóðsins þegar styrkverkefni eru kynnt.

6 ALMENNAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI SJÓÐINN

6.1 HLUTVERK LOFTSLAGSSJÓÐS

Loftslagssjóður heyrir undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga. Styrkir til nýsköpunarverkefna eru ætlaðir m.a. til þess að styrkja rannsóknir og þróunarstarf í tengslum við aðlögun og innleiðingu á nýjum loftslagsvænum tæknilausnum og hönnun. Loftslagssjóður er samkeppnissjóður og hefur ráðherra falið Rannís umsjón með honum. Umsóknir um styrki eru metnar út frá hlutverki og tilgangi sjóðsins og áherslum stjórnar sem fram koma í auglýsingum um styrki hverju sinni.

6.2 STJÓRN LOFTSLAGSSJÓÐS

Ráðherra skipar fimm fulltrúa í stjórn Loftslagssjóðs til tveggja ára í senn. Formaður skal skipaður án tilnefningar og honum til viðbótar skipar ráðherra einn stjórnarfulltrúa án tilnefningar, einn stjórnarfulltrúa sem hefur þekkingu á loftslagsmálum, samkvæmt tilnefningu háskólasamfélagsins, einn stjórnarfulltrúa samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins og einn stjórnarfulltrúa samkvæmt tilnefningu umhverfisverndarsamtaka. Að skipun lokinni eru nöfn stjórnarmanna birt á vef Rannís. Stjórn sjóðsins samþykkir úthlutunarreglur og leiðbeiningar og tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum umsögnum fagráðs.

6.3 SÉRFRÆÐINGAR LOFTSLAGSSJÓÐS

Sérfræðingar Loftslagssjóðs hjá Rannís veita upplýsingar og aðstoð virka daga frá 9:00–15:00. Almennum spurningum varðandi sjóðinn og umsóknir sem eru í matsferli skal beint til þeirra. Tölvupóstfang sjóðsins er loftslagssjodur@rannis.is

Umsækjendur mega ekki undir neinum kringumstæðum hafa samband við fagráðsmenn eða stjórn meðan á matsferli stendur. Hafi umsækjandi samband við fagráðsmann eða stjórn vegna umsóknar verður hún tekin úr matsferli.